

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is


Umsögn Tónskáldafélags Íslands um frumvarp til laga um listamannalaun (nýir sjóðir og fjölgun úthlutunarmánaða) 937. mál.

Tónskáldafélag Íslands lýsir yfir ánægju með frumvarpið og fagnar aukningu á fjölda mánaðarlauna í öllum listgreinunum. Við teljum að sú aðferð sem notast var við í útreikningum á fjölda mánaðarlauna hafi verið réttmæt, þ.e. að miða við fjölda umsækjenda í hvern sjóð og árangurshlutfall þar af, en ekki megi miða eingöngu við hana.

Tónhöfundar og flytjendur eru gríðarlega margir, t.a.m. eru 6.800 meðlimir í STEFi og í FÍH um 700 og að okkar mati hefur skiptingin ekki verið réttmæt hingað til. Það sést berlega þegar borinn er saman fjöldi þeirra sem vinna í faginu við aðrar listgreinar. Þess vegna hefðum við viljað sjá meiri aukningu til tónlistarinnar.

Einnig, frá því að frumvarpið var í samráðsgátt og fór síðan fyrir Alþingi hefur verið dregið úr hækkun heildarfjölda mánaðarlauna. Lækkunin er nokkuð jöfn á milli listgreina og þannig rýrnar hlutur tónlistarfólks hlutfallslega meira en hjá þeim sem fleiri mánuði fá. Okkur þætti ástæða til að endurskoða niðurskurðinn í þessu tilliti.

Virðingarfyllst,



Páll Ragnar Pálsson
F. hönd stjórnar TÍ